

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 68/2009.

#### 1. gr.

1. mgr. 31. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
Bæjarskrifstofa Akraneskaupstaðar leggur bæjarstjórn til fundarritara, sé þess óskað, til að annast færslu gerðabókar og ritun fundargerða bæjarstjórnar.

#### 2. gr.

2. mgr. 61. gr. verður svohljóðandi:  
Bæjarskrifstofa Akraneskaupstaðar annast ritun fundargerða bæjarráðs, sé þess óskað. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 31. gr.

#### 3. gr.

2. og 3. mgr. 62. gr. samþykktarinnar verða svohljóðandi:  
Bæjarráð hefur umsjón og eftirlit með stjórnslu Akraneskaupstaðar, fjármálum, rekstri fyrirtækja kaupstaðarins, starfsmanna- og gæðamálum, málum sem falla undir stjórnslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 50/1996 og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og með málefnum sem falla undir stjórnir byggðasamlaga eða annarra fyrirtækja sem Akraneskaupstaður á aðild að og skulu fundargerðir þeirra lagðar fyrir bæjarráð.

Bæjarráð hefur umsjón með þjónustu- og upplýsingatæknimálum, menningarmálum, brunamálum, almannavörnum, hreinlætismálum, skipulags- og byggingarmálum, umhverfismálum, umferðarmálum, atvinnumálum og öðrum þeim verkefnum sem öðrum ráðum eru ekki sérstaklega falin.

#### 4. gr.

2. mgr. 67. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
Bæjarskrifstofa Akraneskaupstaðar annast ritun fundargerða fjölskylduráðs, sé þess óskað. Um ritun fundargerða fjölskylduráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 31. gr.

#### 5. gr.

2. mgr. 73. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
Bæjarskrifstofa Akraneskaupstaðar annast ritun fundargerða framkvæmdaráðs, sé þess óskað. Um ritun fundargerða framkvæmdaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 31. gr. Framkvæmdaráðsfundur skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

#### 6. gr.

5. mgr. 77. gr. verður svohljóðandi:  
Bæjarstjórnin er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins. Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra.

#### 7. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 4. maí 2011.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*